

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1074

Dagsetning: 24. júní 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Anna Sigríður Vernharðsdóttir (ASV), Helgi Þorsteinsson (HÞ), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKÞ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 10. júní 2025 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir vikunnar

Rætt var um helstu fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

3. Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Rætt var um stöðu viðræðna um að hluti verkefna Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands verði færður til HH.

4. Samskipti sálfræðinga og félagsráðgjafa

Farið var yfir grófar tölur yfir samskipti sálfræðinga og félagsráðgjafa á heilsugæslustöðvum. Ákveðið var að gera betri úttekt á samskiptunum og nota þau í yfirstandandi vinnu tengt verkefnum og afköstum.

5. Rekstur heilsugæslustöðva

Farið var yfir samantekt yfir rekstur heilsugæslustöðva fyrstu fjóra mánuði ársins 2025. Fundað verður með stjórnendum þeirra stöðva sem reyndust undir viðmiðum um rekstrarafkomu á tímabilinu.

6. Könnun á tímaframboði á heilsugæslustöðvum

Rætt var um könnun á framboði á tímum hjá læknum á heilsugæslustöðvum, sem gæðastjóri HH vann nýverið. Vinna þarf með stöðvum sem ekki gátu boðið upp á tíma innan hæfilegra tímamarka.

Aðgerðir og verkefni

- Halda þarf áfram viðræðum um verkefni HTÍ, sjá lið 3.
Ábyrgð: SDM

- Taka þarf út nákvæmari tölur um samskipti sálfræðinga og félagsráðgjafa á heilsugæslustöðvum, sjá lið 4.
Ábyrgð: ÍDH
- Funda þarf með stjórnendum heilsugæslustöðva sem eru undir viðmiðum um rekstrarafkomu á fyrstu fjórum mánuðum ársins, sjá lið 5.
Ábyrgð: SDH og HP
- Vinna þarf með stjórnendum stöðva sem ekki gátu boðið upp á tíma innan hæfilegra tímamarka, sjá lið 6.
Ábyrgð: SDM

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:15.